Nr. 77.
22.
nóvbr.

# Lög
um
## að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufjelög.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Húnavatnssýslu skipt í tvö sýslufjelög.

Annað sýslufjelagið heitir Austur-Húnavatnssýsla, og eru í því þessir hreppar: Vindhælishreppur, Engihlíðarhreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Svínavatnshreppur, Torfalækjarhreppur, Sveinsstaðahreppur og Áshreppur.

Hitt sýslufjelagið heitir Vestur-Húnavatnssýsla og eru í því þessir hreppar: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.

Hvort sýslufjelagið hefur sinn fjárhag útaf fyrir sig.

2. gr.

Í hvoru sýslufjelaginu skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitamálefna þeirra, sem varða sýslufjelagið, samkvæmt lögum um sveitastjórn 10. nóvbr. 1905. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns, sem er oddviti beggja nefnda, einn maður úr hverjum hreppi, er sje kosinn eptir reglum þeim sem settar eru í nefndum lögum um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr.

Eignum, skuldum og skuldbindingum, er útgjöld hafa í för með sjer í Húnavatnssýslu, skal skipt milli hinna nýju sýslufjelaga eptir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða hvors um sig.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 22. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov
om
## Deling af Hunavatn Syssel i to Sysselkommuner.

Nr. 77.
22.
Novbr.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Hunavatn Syssel deles i kommunal Henseende i to Sysselkommuner.

Den ene Sysselkommune benævnes Øster-Hunavatn Syssel og omfatter følgende Repper: Vindhælisrep, Engihlidarrep, Bolstadarhlidarrep, Svinavatnsrep, Torfalækjarrep, Sveinsstadarep og Asrep.

Den anden Sysselkommune benævnes Vester-Hunavatn Syssel og bestaar af følgende Repper: Stadarrep, Fremri-Torfastadarep, Ytri-Torfastadarep, Kirkjuhvammsrep, Thverarep og Thorkelsholsrep.

Hver af disse Sysselkommuner har sin egen Økonomi.

§ 2.

I hver Sysselkommune overtager et Sysselforstanderskab Bestyrelsen af de kommunale Anliggender i Overensstemmelse med Loven om Landkommunernes Styrelse af 10. November 1905. Foruden af Sysselmanden som Formand for begge Sysselforstanderskaber bestaa disse af et Medlem for hver Rep, valgt efter bemeldte Lovs Regler om Valg af Medlemmer til Sysselforstanderskaberne.

§ 3.

Aktiva og Passiva, derunder Udgift medførende Forpligtelser i Hunavatns Syssel fordeles mellem de nye Sysselkommuner i Forhold til deres sammenlagte Antal af Jordegods- og Løsegods Hundreder.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 22. November 1907.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 77. Lov af 22. November om Deling af Hunavatn Syssel i to Sysselkommuner.